

47. fundur
21. mars 2013 kl. 20

Mætt voru Erlendur Steinar Friðriksson, Hjalti Jóhannesson, Astrid Magnúsdóttir, Jón Einar Jóhannsson og Hildur Friðriksdóttir.

Fimm mál voru á dagskrá;

1. 46. fundargerð hverfisnefnd Oddeyrar
2. Aðalfundur hverfisnefndar Oddeyrar
3. Fjárveiting Akureyrarbæjar til starfandi hverfisnefnda
4. Hávaðamengun frá Endurvinnslunni
5. Snjómokstur á eyrinni

1. 46. fundargerð hverfisnefnd Oddeyrar

46. fundargerð hverfisnefnd Oddeyrar var lögð fram til umræðu og samþykktar.

2. Aðalfundur hverfisnefndar Oddeyrar

Tekin var ákvörðun um að halda aðalfund í Oddeyrarskóla þann 28. maí næstkomandi. Efnistöð fundarins verða ákveðin síðar.

3. Fjárveiting Akureyrarbæjar til starfandi hverfisnefnda

Umræður um ráðstöfun á 2 milljónum sem bæjarstjórn hefur samþykkt að veita hverfisnefndum í umhverfistengd verkefni. Settur var saman listi með hugmyndum sem verður afhentur framkvæmdadeild bæjarins.

4. Hávaðamengun frá Endurvinnslunni

Lögð var fram eftirfarandi ályktun sem var samþykkt samhljóða af fundinum: „Hverfisnefnd Oddeyrar vill fyrir hönd íbúa í nágrenni Endurvinnslunnar koma á framfæri óánægju vegna hávaðamengunar sem frá henni berst og lýsa jafnframt furðu sinni á því að starfsemi sem þessi hafi ekki farið í grenndarkynningu. Hverfisnefnd Oddeyrar leggur til að Akureyrarbær leiti leiða til að koma til móts við kvartanir íbúa í grennd við starfsemina og geri viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr hávaðanum eða að öðrum kosti flytja starfsemina fjær íbúabyggð“.

5. Snjómokstur á Eyrinni

Hverfisnefnd Oddeyrar lýsir yfir ánægju með að brugðist hafi verið við ábendingum um hvað betur megi fara varðandi snjómokstur í hverfinu. Hverfisnefndin vill þó áfram leggja áherslu á að gangbrautir og svæðið í kringum Oddeyrarskóla verði haft í forgangi.

Fleiri mál voru ekki rædd og var fundi slitið kl. 21:30.